



Akranesi .28. janúar 2026

VIT-HIT leikarnir Akranesi 2026 verða haldnir 29. maí – 31. maí nk.

Keppt verður í Jaðarsbakkalaug á Akranesi sem er 25 metra útilaug með 5 brautum.

Aldursflokkar:

Hlutar 1, 3, 5: 11-13 ára og 14-15 ára

Hlutar 2, 4: 11 ára og yngri

11 ára geta valið hvort þau keppa í hlutum 1, 3 og 5 fyrir 11 ára og eldri eða í hlutum 2 og 4 fyrir 11 ára og yngri, en geta ekki keppt í báðum aldursflokkum. Athugið að í yngri hluta eru ekki veitt verðlaun fyrir sæti.

Við biðlum til þjálfara að vera vissir um að sundfólkið sé nógu sterkt til að synda greinarnar sem það er skráð í og skrá óreynda sundmenn frekar í styttri greinar í hlutum fyrir 11 ára og yngri.

16 ára og eldri er velkomið að synda en það eru ekki veitt verðlaun fyrir þann aldursflokk.

Verðlaun:

Veittir verða verðlaunapeningar fyrir 1., 2. og 3. sæti í hlutum 1, 3 og 5 þó með þeim undantekningum sem eru nefndar hér að framan.

Allir þátttakendur 11 ára og yngri fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Stigahæsta félagið hlýtur farandbikar og varðveitir hann í eitt ár. Stigakeppnin nær yfir alla hluta mótsins og verða stigaverðlaun veitt eftir fimmta og síðasta hluta.

Stigakeppni sundmanna:

14-15 ára stelpur og strákar samanlagt þrjú stigahæstu sundin af:

200 m skriðsundi, 200 m fjórsundi, 100 m baksundi, 100 m bringusundi og 100 m flugsundi.

13 ára og yngri stelpur og strákar samanlagt þrjú stigahæstu sundin af:

200 m skriðsundi, 100 m fjórsundi, 100 m baksundi, 100 m bringusundi og 50 m flugsundi.

Prúðasta lið mótsins hlýtur Brosbikarinn. Brosbikarinn er farandbikar.

Skráningar:

Hámarksfjöldi einstaklingsgreina fyrir hvern keppanda:

Fyrir hluta 1, 3 og 5 má velja að hámarki tvær greinar í hverjum hluta en fyrir hluta 2 og 4 má velja að hámarki 5 greinar samtals en þrjár greinar að hámarki í hvorum hluta. Sundfélag Akraness áskilur sér rétt til frekari riðlatakmarkana sé þess þörf.

Skráningarfrestur er til fimmtudagsins 21. maí kl. 24.00.

Stungugjöld eru kr. 700 fyrir einstaklingsgrein og kr. 1000 fyrir boðsund sem er skilað inn fyrir skráningarfrest.



Sundfélag Akraness

Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum
Netfang: sund@ia.is



Heimasíða: <http://www.iasund.is>

Stungugjöld frá föstudeginum 22. maí eru kr. 900 fyrir einstaklingsgreinar og kr. 1000 fyrir boðsundsgreinar.

Skráningar sendist á netfangið sund@ia.is

Þriðjudaginn 26. maí verður keppendalistinn settur á netið (www.iasund.is) þar sem finna má sér síðu fyrir mótið. Þjálfarar eru beðnir um að fara yfir sínar skráningar og senda inn leiðréttingar og úrskráningar eigi síðar en fimmtudaginn 28. maí.

Nánari upplýsingar veitir:

Kjell Wormdal í síma 846-8292 eða sund@ia.is

Gisting og fæði:

Eins og áður verður boðið upp á gistingu í Grundaskóla sem er stutt frá lauginni. Allur matur verður einnig framreiddur í Grundaskóla. Gistingu og fæði þarf að panta um leið og skráningar eru sendar.

Verð á gisti- og fæðispakka alla helgina er kr. 16.800,-.

Gistipakki frá Laugardag til sunnudag er kr. 11.100,-.

(Hádegismatur laugardag og sunnudag, morgunmatur sunnudag, Kvöldmatur laugardag)

Það er frítt fyrir einn farastjóra á hverja 10 sundmenn.

Veittur er **10% afsláttur** ef gistipakkar eru greiddir fyrir fimmtudaginn 28. maí.

Pöntun á gisti- og fæðispakka:

https://docs.google.com/forms/d/1nY6KH8aH_13UxL-iBBqZyJ5wq7GMNT5BfY4zZi2eex4/edit



Sundfélag Akraness

Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum
Netfang: sund@ia.is



Heimasíða: <http://www.iasund.is>

Dagskrá mótsins:

Kept verður í fimm hlutum á þremur dögum; einum á föstudegi, tveimur á laugardegi og tveimur á sunnudegi. (Tímasetningar geta breyst eftir fjölda skráninga.)

Mótshluti 1, föstudagur - 16:30 11-13 ára og 14-15 ára 1. Karlar, 400 m skriðsund (4 riðlar) 2. Konur, 400 m skriðsund (4 riðlar) 3. Karlar, 100 m fjórsund 4. Konur, 100 m fjórsund 5. Karlar, 200 m baksund 6. Konur, 200 m baksund 7. Karlar, 50 m skriðsund 8. Konur, 50 m skriðsund 9. Karlar, 100 m flugsund 10. Konur, 100 m flugsund	Mótshluti 2, laugardagur - 9:00 11 ára og yngri 11. Piltar, 50 m skriðsund 12. Stúlkur, 50 m skriðsund 13. Piltar, 100 m fjórsund 14. Stúlkur, 100 m fjórsund 15. Piltar, 50 m bringusund 16. Stúlkur, 50 m bringusund 17. Piltar, 100 m bringusund 18. Stúlkur, 100 m bringusund 19. Blandað, 4x50 m skriðsund
Mótshluti 3, laugardagur - 14:00 11-13 ára og 14-15 ára 20. Karlar, 200 m skriðsund 21. Konur, 200 m skriðsund 22. Karlar, 50 m bringusund 23. Konur, 50 m bringusund 24. Karlar, 100 m baksund 25. Konur, 100 m baksund 26. Karlar, 200 m bringusund 27. Konur, 200 m bringusund 28. Blandað, 4x50 m skriðsund	Mótshluti 4, sunnudagur - 9:00 11 ára og yngri 29. Piltar, 50 m skriðsund 30. Stúlkur, 50 m skriðsund 31. Piltar, 100 m skriðsund 32. Stúlkur, 100 m skriðsund 33. Piltar, 50 m baksund 34. Stúlkur, 50 m baksund 35. Piltar, 100 m baksund 36. Stúlkur, 100 m baksund 37. Piltar, 50 m flugsund 38. Piltar, 50 m flugsund 39. Blandað, 4x50 m fjórsund
Mótshluti 5, sunnudagur - 13:00 11-13 ára og 14-15 ára 38. Karlar, 200 m fjórsund 39. Konur, 200 m fjórsund 40. Karlar, 100 m skriðsund 41. Konur, 100 m skriðsund 42. Karlar, 50 m flugsund 43. Konur, 50 m flugsund 44. Karlar, 50 m baksund 45. Konur, 50 m baksund 46. Karlar, 100 m bringusund 47. Konur, 100 m bringusund 48. Blandað, 4x50 m fjórsund	

